

**137. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 10. apríl 2017 og  
hófst hann kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**

Inga María Guðmundsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir og Björn Davíðsson formaður.

**Embættismenn:**

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Ingólfur Þorleifsson tilkynnti fjarveru sína. Enginn gat mætt í hans stað.

**Dagskrá:**

**1. Styrkir til menningarmála 2017 - 2017020014**

Kynntar eru umsóknir aðila um styrk til menningarmála í vorúthlutun 2017.

*Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir til menningarmála, vegna vorúthlutunar 2017. Atvinnu- og menningarmálanefnd samþykkir að úthluta menningarstyrkjum, samtals að fjárhæð kr. 700.000,- til eftirfarandi umsækjenda:*

*Eyþór Jóvinsson, Arnbjörn - handrit að kvikmynd í fullri lengd, kr. 50.000,-*

*Gláma kvikmyndafélag, Gamannmyndahátíð Flateyrar í fullri lengd, kr. 200.000,-*

*Kvenfélagið Von, Dýraffjarðadaganefnd, Dýraffjarðadagar - barnadagskrá, kr. 100.000,-*

*Listasafn Ísafjarðar, ljósmyndasýning á verkum Þorvaldar Arnar*

*Kristmundssonar, kr. 50.000,-*

*Byggðasafn Vestfjarða, sýning á hljóðfærum safnsins, landsmót harmonikkunnenda og útgáfu á geisladisk, kr. 250.000,-*

*Byggðasafn Vestfjarða, opnun sýningarinnar "Ég var aldrei barn" í tilefni af 75 ára afmæli safnsins, kr. 50.000,-*

**2. Vistaskipti listamanna í Ísafjarðarbæ og Linköping - 2017030081**

Lagður fram tölvupóstur Elisabeth Asp, f.h. sveitarfélagsins Linköping í Svíþjóð, dagsettur 20. mars sl., ásamt bréfi, þar sem viðruð er sú hugmynd að listamenn frá Ísafjarðarbæ og Linköping geti haft vistaskipti. Linköping býður upp á aðstöðu fyrir heimsóknir listamanna í nýju menningarhúsi sem verður vígt á næsta ári. Bæjarráð tók erindið fyrir á 969. fundi sínum, 27. mars sl., og vísaði til atvinnu- og menningarmálanefndar.

*Nefndin lýsir yfir ánægju sinni með erindið og ákveður að vísa því til skoðunar hjá ArtsIceland.*

**3. Viðurkenningin Sómi Ísafjarðar - 2016030004**

Kynntar verða tillögur að reglum um Góðborgara Ísafjarðarbæjar, í samræmi við

tillögu frá 136. fundi atvinnu- og menningarmálanefndar.

*Atvinnu- og menningarmálanefnd gerir tillögu að breytingum að reglunum og felur bæjarritara að leita eftir tillögum að hönnun á viðurkenningu nafnbótarinnar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00**

---

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

---

Björn Davíðsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir